



Ársskýrsla SORPU

2008

SORPA

Útgefandi: SORPA bs

Umsjón og ritstjórn: Eva Dögg Þorgeirsdóttir

Ljósmyndir: Binni, Arnaldur Halldórsson og Emil Þór Sigurðsson

Ljósmyndir á kápu: Binni, Davíð Jón Ögmundsson

Hönnun og umbrot: Gyða S. Björnsdóttir, Sögumiðlun ehf

Prentvinnsla: Ísafold



Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	3
Yfirstjórn	7
SORPA – Hlutverk og meginmarkmið	11
Móttökustöð	19
Endurvinnslustöðvar	23
Álfsnes	29
Samfélagsleg ábyrgð	33
Mannauður	39
Grænt bókhald	43
Ársreikningur	55
Viðaukar	69
Magntölur	70
Gjaldskrá	74
Efnamælingar í Álfsnesi	78
Ársfundur SORPU	81



Ávarp framkvæmdastjóra

1



Umhverfisvernd á hagkvæman hátt

Undarlegt ár er um garð gengið, ár sem flestir vilja sennilega gleyma eða í það minnsta aðeins ganga í gegnum einu sinni. SORPA bs fór ekki varhluta af þeim hræringum sem urðu í þjóðfélaginu á seinni hluta ársins. Magn úrgangs hefur dregist verulega saman; suma mánuði um allt að 40% miðað við sama tíma fyrir ári. Helst er það úrgangur frá fyrirtækjum sem dregist hefur saman sem er beinn mælikvarði á umsvifin í samfélaginu. Einnig hefur borið á samdrætti á úrgangi frá heimilum en þó ekki í jafn miklum mæli, eða um 10-15%. Undanfarin ár hefur magn úrgangs aukist verulega og má halda því fram að nú falli magn úrgangs aftur niður í það sem „eðlilegt“ má teljast. Þessar breytingar hafa allar áhrif á rekstur fyrirtækisins. SORPA hefur á undanförunum árum tekið stefnubreytingu í lántöku fyrirtækisins og haldið sig við lán í innlendri mynt en gengisdýfur hafa samt sem áður áhrif á rekstrar- og fjármögnunarleigu fyrirtækisins. Gengislækkun hefur hins vegar góð áhrif hvað útfluttar afurðir varðar og hefur nánast unnið upp verðfall sem varð á endurvinnsluafurðum á erlendum markaði. Rekstraráætlun fyrir árið 2009 var samþykkt í lok september og endurskoðuð í nóvember með nokkrum breytingum. Ýmsum fjárfestingum var slegið á frest, einna helst því sem snýr að Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Svæðisáætlun endurskoðuð

Á árinu 2008 var gerður nýr samningur við Sorpstöð Suðurlands bs, Sorpurðun Vesturlands hf, og Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf um endurskoðun á Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs frá árinu 2004. Kveðið er á um endurskoðunina í lögum og skal Svæðisáætlun taka mið af Landsáætlun sem Umhverfisstofnun skal gera og gefa út. Landsáætlun var gefin út árið 2004 en endurskoðun hefur enn ekki litið dagsins ljós. Er það mjög bagalegt þar sem svæðisáætlanir sveitarfélaganna skulu taka mið af

Landsáætlun. Sú endurskoðunarvinna, sem í gangi hefur verið, snýr aðallega að því að uppfæra talnaefni og tiltaka þær tæknilegu lausnir sem hagfeldar geta verið sem hluti af framtíðarlausnum. Árið 2007 voru gerðar athuganir á tæknilegum lausnum, hagkvæmni og forgangsroðun. Stjórnir samstarfsaðilanna hafa allar samþykkt að árið 2020 skuli hætt urðun á öllu lífrænu og brennanlegu efni. Hluti af þeirri vinnu sem fram fór á árinu 2008 var að gera umhverfismat áætlunarinnar, auk þess sem sænskt ráðgjafafyrirtæki var fengið til að gera líftímagreiningu á þeim lausnum sem skoðaðar höfðu verið. Þar kom í ljós að út frá gróðurhúsalofttegundum og landnotkun er hagfelldast að endurvinnna svo mikið sem kostur er en næst kom gasframleiðsla (metanframleiðsla) og síðan framleiðsla á s.k. brenni. Brennsla kom mjög illa út sem helgast m.a. af sérstöðu Íslands í orkumálum. Það sem kom hins vegar mest á óvart er að jarðgerð, miðað við gefnar forsendur, kom verr út en að halda áfram urðun með þeirri gassöfnun sem nú er stunduð í Álfsnesi. Spurningin sem vaknar er sú hvað og hvort skal eyða stórum fjárhæðum í jarðgerðarlausnir sem í raun skila okkur litlu sem engu í umhverfislegu tilliti. Í sjálfu sér ætti þessi niðurstaða ekki að koma á óvart. Íslenskar reglur og lög taka mið af Evrópureglugerðum þar sem miðað er við aðstæður á meginlandi Evrópu: þörf fyrir orku, þéttbýli, íbúar búa ofaná drykkjarvatnsbirgðum, loftmengun o.s.frv. Aðstæður sem ekki eiga sér neina samsvörun hér á landi. Þetta ætti kannski að verða leiðbeining um að taka ekki Evrópureglugerðir hráar upp hér á landi heldur túlka þær með hagsmuni Íslands í huga, þó þannig að markmiðum um umhverfisvernd sé fullnægt.

Hagsmuni Íslands í forgang

Á síðasta vorþingi voru samþykktar breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs sem kveða á um að sett skuli s.k. framleiðendaábyrgð á raf- og

rafeindatækjaúrgang frá og með áramótunum 2008/2009. Skv. lögnum skulu framleiðendur (innflytjendur) koma upp skilakerfi fyrir þennan úrgang á öllu landinu. Nánast allir sem eitthvað hafa kynnt sér þessi mál eru sammála um að þar hafi ofangreint sjónarmið (hagsmunir Íslands) verið fyrir borð borin af ástæðum sem engum eru ljósar. Í Evrópu eru fleiri kerfi um rafeindaúrgang en lönd og ekkert kerfi eins – öll virðast þau nýta kosti þess umbúnaðar og þeirrar aðstöðu sem fyrir hendi er í hverju landi. Hér virðist það engan veginn hægt. Að fara yfir lækinn að sækja vatnið á sérstaklega við í þessu tilviki. Er vonandi að Alþingi sjái að þetta kerfi sem hér á að setja upp skapar einungis aukakostnað á neytendur, er óskilvirkt, kostnaðarsamt og til ópurftar. Með nýju kerfi á að kollaþar skilvirku og einföldu kerfi sem SORPA kom upp árið 2001. Eins og nefnt var hér að framan um jarðgerðarkröfur, má spyrja sig að því hver hinn raunverulegi umhverfislegi ávinningur er með tilkomu slíks kerfis. Markmiðið á að vera verndun umhverfisins á eins hagkvæman hátt fyrir íbúa eins og kostur er.

Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri





Bjarni Gnýr Hjarðar

*Yfirverkfræðingur
þróunar- og tæknideildar*

Þróunar- og tæknideild SORPU rekur urðunarstað í Álfsnesi, sinnir útboðsmálum, ber ábyrgð á vél- og netbúnaði fyrirtækisins og stundar rannsóknir og þróun.

Í Álfsnesi er tekið á móti úrgangi til urðunar og sífellt hærra hlutfall úrgangs er enduruninn, t.a.m. í moltugerð og í tilraunaverkefni um endurvinnslu steinsteypu. Hauggasi er safnað og nýtt til rafmagnsframleiðslu eða hreinsað í metan sem nýtist sem vistvænt eldsneyti, m.a. á alla sorphirðubíla Reykjavíkurborgar.



*Jón Ólafur
Vilhjálmsson*

Stöðvarstjóri móttökustöðvar í Gufunesi

Móttökustöð SORPU í Gufunesi tekur við úrgangi frá atvinnulífi og heimilum á höfuðborgarsvæðinu.

Móttökustöðinni berst bæði óflokkaður og flokkaður úrgangur og er hann unninn í þann farveg sem honum ber. Því efni sem hægt er að endurvinna á hagkvæman hátt er komið til endurvinnslu, innanlands sem og erlendis. Óflokkaður úrgangur er baggaður og urðaður í Álfsnesi.



Ásmundur Reykdal

Rekstrarstjóri endurvinnslustöðva SORPU

Endurvinnslustöðvar SORPU taka á móti úrgangi til flokkunar og endurvinnslu frá íbúum og smærri fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Alls eru starfræktar sjö endurvinnslustöðvar og eru þær opnar alla daga ársins utan lögbundinna frídaga og stórhátíðardaga. Um 60% þess úrgangs sem berst á endurvinnslustöðvarnar fer til endurvinnslu og/eða endurnýtingar.



*Ragna I.
Halldórsdóttir*

Deildarstjóri markaðs- og fræðsludeildar

Markaðs- og fræðsludeild SORPU vinnur að heildarskipulagi markaðs- og fræðslumála fyrirtækisins, s.s. samhæfingu, uppbyggingu og framkvæmd. Jafnframt sér deildin um flest er viðkemur starfsmannamálum, mannauði og eins þróun nýs gæðastjórnunarkerfis. Deildin er ábyrg fyrir upplýsinga- og útgáfumálum og gerir öðrum stjórnendum kleift að koma mál-efnum sinna starfsstöðva sem best á framfæri með ráðgjöf, stuðningi og aðstoð. Markaðs- og fræðsludeild sér um ritstjórn, uppfærslu og viðhald á heimasíðu fyrirtækisins.



*Sigríður Björg
Einarsdóttir*

Skrifstofustjóri og formaður verslunarstjórnar Góða hirðisins

Skrifstofa og vigt SORPU sjá um samskipti við viðskiptavini og veita þjónustu á sviði fjármála, bókhalds, reikningagerðar, innheimtu, launa og uppgjöra við allar deildir fyrirtækisins auk Metan hf og FENÚR (Fagráð um endurnýtingu og úrgang). Skrifstofa hefur umsjón með viðhaldi og endurnýjun á hugbúnaði fyrirtækisins.





SORPA er byggðasamlag í eigu allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Hlutverk SORPU bs er að annast meðhöndlun úrgangs fyrir öll sveitarfélögin sem aðild eiga að SORPU, svo sem að starfrækja urðunarstað og móttökustöð, byggja og reka endurvinnslustöðvar, þróa nýjar aðferðir til þess að vinna verðmæti úr úrgangsefnum, eyðingu hættulegra úrgangsefna, framleiða og selja eldsneyti og orku úr úrgangi, fylgjast með tækniþróun á sviði úrgangseyðingar og endurvinnslu, gerð svæðisáætlunar sbr. lagakröfu hverju sinni og kynna gildi umhverfissjónarmiða í meðhöndlun úrgangs.

SORPA sér ekki um sorphirðu, hvorki hjá almenningi né fyrirtækjum, fyrirkomulag sorphirðu er ákveðið í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Stjórnsýsluleg staða

SORPA er starfsleyfisskylt fyrirtæki. Starfsleyfi er veitt í samræmi við ákvæði 20. greinar reglugerðar nr. 785/1999 um atvinnustarfsemi sem getur haft í för með sér mengun, samanber lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfi nær til staðsetningar, eðli og umsvifa starfseminnar.

Starfsleyfi fyrir móttöku- og flokkunarstöðina í Gufunesi og urðunarstaðinn í Álfsnesi veitir Umhverfisstofnun og eftirlit með starfseminni hefur Umhverfisstofnun og eftirlit með starfseminni hefur Umhverfisstofnun og samgöngusvið Reykjavíkur.

Starfsleyfi og eftirlit með endurvinnslustöðvum SORPU veita:

Í Reykjavík: Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur.

Í Kópavogi og Garðabæ: Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Í Mosfellsbæ: Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.

Dótturfyrirtæki SORPU er Metan hf og heldur byggðasamlagið 49,7% eignarhlut í félaginu.

Stjórn SORPU bs

Stjórn byggðasamlagsins er skipuð einum fulltrúa og einum til vara frá hverju aðildarsveitarfélagi og skal hann vera aðalmaður í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri sveitarfélags. Sömu skilyrði gilda um varamenn sem hver sveitarstjórn tilnefnir. Kjörtímabil stjórnar er til tveggja ára frá upphafi kjörtímabils sveitarstjórna. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal formennska skiptast á milli aðildarfélaganna.

Stjórnarmenn fara með hlutfallslegt atkvæðavægi í samræmi við íbúafjölda þess sveitarfélags sem þeir eru fulltrúar fyrir. Atkvæðavægi endurskoðast í byrjun

hvers árs miðað við íbúatölu aðildarsveitarfélags hinn 1. desember árið á undan.

Hlutverk stjórnar er að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri byggðasamlagsins, sjá um að fylgt sé lögum og reglugerðum, sem starfsemin heyrir undir og sjá um að gerðar séu áætlanir um rekstur félagsins til skemmri og lengri tíma. Stjórnin gætir þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunameðferð og ákveður gjaldskrá fyrir þjónustu byggðasamlagsins.

Gjaldskrá byggðasamlagsins er endurskoðuð tvisvar á ári og byggjast forsendur breytinga á bygginga-visitölu og launavísitölu hverju sinni.

Kjörtímabil stjórnar er tvö ár og hófst 1. júlí 2006. Nokkrar breytingar hafa orðið á stjórn félagsins frá þeim tíma.

Stjórn SORPU frá 1.1.2008-24.1.2008

Sveitarfélag

Reykjavík
Kópavogur
Hafnarfjörður
Garðabær
Mosfellsbær
Seltjarnarnes
Álftanes

Aðalmenn

Porleifur Gunnlaugsson
Ómar Stefánsson
Guðfinna Guðmundsdóttir
Páll Hilmarsson, formaður
Herdís Sigurjónsdóttir, varaformaður
Pór Sigurgeirsson
Kristján Sveinbjörnsson

Varamenn

Oddný Sturludóttir
Gunnar Birgisson
Margrét Gauja Magnúsdóttir
Stefán Konráðsson
Hafsteinn Pálsson
Jónmundur Garðarsson
Margrét Jónsdóttir

Stjórn SORPU frá 24.1.2008-31.12.2008

Sveitarfélag

Reykjavík
Kópavogur
Hafnarfjörður
Garðabær
Mosfellsbær
Seltjarnarnes
Álftanes

Aðalmenn

Vilhjálmur P. Vilhjálmsson
Ómar Stefánsson
Guðfinna Guðmundsdóttir, varaform.
Páll Hilmarsson
Herdís Sigurjónsdóttir, formaður
Pór Sigurgeirsson
Kristján Sveinbjörnsson

Varamenn

Gísli Marteinn Baldursson
Gunnar Birgisson
Margrét Gauja Magnúsdóttir
Stefán Konráðsson
Hafsteinn Pálsson
Jónmundur Garðarsson
Margrét Jónsdóttir




Frá 2006 fram á mitt ár 2008 var Páll Hilmarsson formaður stjórnar og Herdís Sigurjónsdóttir varaformaður, en á miðju ári tilnefndu sveitarfélögin sömu stjórn til setu tímabilið 2008-2010. Herdís Sigurjónsdóttir var kosinn formaður og Guðfinna Guðmundsdóttir varaformaður.

Gengið var frá ráðningu Björns H. Halldórssonar í starf framkvæmdastjóra í febrúar 2008. Nýr deildarstjóri þróunar- og tæknideildar, Bjarni G. Hjarðar yfirverkfræðingur var ráðinn í júní 2008 en yfirverkfræðingur er jafnframt staðgengill framkvæmdastjóra.



Skipurit



Stjórn Metan hf

Aðalmenn

Inga Jóna Þórðardóttir, formaður
Jakob S. Friðriksson, varaformaður
Ásdís Kristinsdóttir
Kristján Gunnarsson
Ragný Póra Guðjohnsen

Varamenn

Ögmundur Einarsson
Runólfur Magnús Ásgeirsson
Hreinn Frímansson
Þorleifur Finnsson

**Framkvæmdastjóri er
Björn H. Halldórsson**

Hlutafjárskipting Metans 31. desember 2008

Hluthafi	Hlutfé	Eignarhlutur
SOPRA bs	23.336.000 kr.	49,65%
Orkuveita Reykjavíkur	10.000.000 kr.	21,27%
N1 hf	7.008.000 kr.	14,91%
REI	6.656.000 kr.	14,16%

Helstu kennitölur úr rekstri Metans hf

	2008	2007
Rekstrartekjur ársins námu	24.400 m.kr.	14.900 m.kr.
Rekstrarniðurstaða var jákvæð	252 þ.kr.	-117 þ.kr.
Veltufjárlutfall	3,9	5,0
Eigið fé sem hlutfall af heildarjármagni	82,4%	89,1%

Nefndir

Framkvæmastjóri SORPU bs á sæti í verkefnisstjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga um úrgangsmál og er formaður verkefnisstjórnarinnar.

Ársfundur

Sameiginlegir ársfundir SORPU bs, Strætó bs, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs og 32. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu voru haldnir í hátíðarsal íþróttahússins á Álftanesi, föstudaginn 21. nóvember 2008.





Samráðshópur stjórnar SORPU bs og Samtaka atvinnulífsins

Hópurinn starfar áfram og kemur saman þegar nauðsyn krefur.

Samstarfsverkefni

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs er samstarfsverkefni SORPU bs, Sorpstöðvar Suðurlands bs, Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf og Sorpurðunar Vesturlands hf. Fyrirtækin annast meðhöndlun úrgangs fyrir 34 sveitarfélög með alls um 251 þúsund íbúa. Starfssvæði þessara samlaga er á vestan- og sunnanverðu landinu, frá Gilsfjarðarbotni í vestri og að Markarfljóti í austri.

Áætlunin er niðurstaða samstarfssamnings sem gerður var hinn 29. desember 2004 og endurnýjaður 12. febrúar 2008 um samstarf samlaganna um gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar á grundvelli laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og þeirra markmiða sem sett eru í Landsáætlun Umhverfisstofnunar frá 2004.

Fyrsta útgáfa áætlunarinnar var gefin út 2005 og hlaut staðfestingu sveitarstjórna allra þeirra sveitarfélaga sem áætlunin nær til. Samkvæmt ákvæðum laganna skal endurskoða áætlunina á 3ja ára fresti og

mun tillaga að endurskoðaðri svæðisáætlun ásamt umhverfisskýrslu koma til kynningar árið 2009.

Áætlunin er unnin samkvæmt 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og byggir á markmiðum Landsáætlunar Umhverfisstofnunar. Gerð áætlunarinnar var í höndum verkefnisstjórnar sem eftirtaldir skipuðu:

Frá SORPU bs: Ögmundur Einarsson, fv. framkvæmdastjóri, Herdís Sigurjónsdóttir, stjórnarformaður.

Frá Sorpstöð Suðurlands bs: Guðmundur Tryggvi Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Frá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf: Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri.

Frá Sorpurðun Vesturlands hf: Hrefna Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri SORPU bs vann með nefndinni.

Verkefnisstjóri og formaður verkefnisstjórnar var Ögmundur Einarsson.

Ritstjórn og umhverfismat við endurskoðun áætlunarinnar var í höndum sérfræðinga hjá Mannviti hf verkfræðistofu. Nálgast má allar upplýsingar um verkefnið á heimasíðu þess, www.samlausn.is.

Rekstraráætlun og afskriftir.

Tekjuáætlun byggðasamlagsins gerði ráð fyrir móttöku og meðhöndlun hjá SORPU bs upp á 211.000 tonnum úrgangs með svipaðri dreifingu á gjaldflokki og árið 2007.

Niðurstöðutala varð 200.000 tonn (án olíumengaðs úrgangs) sem er 5,21% frávik frá rekstraráætlun. Hins vegar er dreifing á gjaldflokka önnur en gert var ráð fyrir. Móttekið og meðhöndlað magn í Gufunesi var 115.705 tonn (122.190 tonn árið 2007) og á urðunarstaðnum var tekið við 119.050 tonnum (88.150 tonnum) frá öðrum en móttökustöðinni í Gufunesi (án olíumengaðs jarðvegs).

Framlag fyrir fjármagnsliði og afskriftir var 250,4 m.kr (307,2 m.kr) sem er 18% af veltu (22%) án endurvinnslustöðva.

Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var bókfærður hagnaður 4,2 m.kr. (161,3 m. kr).

Helstu kennitölur samlagsins

	2008	2007	2006	2005	2004
Veltufjárhlutfall	1,20	1,46	1,05	1,01	1,70
Eiginfjárhlutfall	58,70%	60,23%	52,06%	58,03%	50,82%
Arðsemi eigin fjár	0,38%	15,87%	1,08%	6,14%	6,50%
Meðalfj. starfsmanna	99	96	90	85	85



TTNU 405358 4
42G1
MAXGROSS 30.480 KGS
67.200 LBS
TARE 3.660 KGS
8.070 LBS
PAYLOAD 26.820 KGS
59.130 LBS
CUB. CAP. 67.7 CU.M
2.390 CU.FT
M

Móttökustöð SORPU er staðsett í Gufunesi. Þar er tekið á móti öllum úrgangi sem fellur til frá heimilum höfuðborgarsvæðisins. Til stöðvarinnar berst einnig mikið af ýmiskonar iðnaðarúrgangi frá fyrirtækjum og er hún endastöð hluta þess úrgangs er berst inn til endurvinnslustöðvanna.

Miklar framkvæmdir hafa átt sé stað í móttökustöðinni síðastliðin fjögur ár. Framkvæmdir hófust með endurskipulagningu á húsnæði og eins verkfyrirkomulagi. Tækjakostur fyrirtækisins var endurnýjaður svo sem færðbönd að pressunum og síló. Sett var upp nýtt úðakerfi við pressurnar sem gefist hefur vel en kerfið úðar ensímum yfir sorpið sem í framhaldi dregur úr lykt frá urðunarstaðnum í Álfsnesi.

Notkun auðlinda

SORPA vinnur eftir umhverfisstefnu til þess að stuðla að stöðugum umbótum í umhverfismálum. Starfsmenn fyrirtækisins leggja metnað í að halda móttökustöðinni hreinni með reglulegri hreinsun og yfirferð til þess að tryggja jákvæðari aðkomu viðskiptavina.

SORPA fylgist með notkun sinni á vatni ár hvert. Notkun fyrirtækisins á heitu vatni jókst lítilsháttar á árinu. Heitavatnsnotkun ákvarðast helst af veðurfari og hitastigi yfir vetrarmánuði ársins. Ef kalt reynist í veðri er nauðsyn að blanda þvottavatnið með heitu vatni. Aukningar gætti einnig í notkun á köldu vatni en það er mikið notað við timburvinnslu. Eins voru settir upp vatns olúkælar á árinu fyrir eina vél stöðvarinnar og taka þeir nokkuð magn af vatni sem skýrir enn fremur aukna notkun fyrirtækisins á köldu vatni.

Magntölur og endurvinnsla

Hlutfall úrgangs sem fór úr móttökustöð til endurvinnslu jókst um 1,85% miðað við árið 2007. Á sama tíma dróst heildarmagnið saman um 9%. (Sjá töflu

Tafla 4.1. Gangtími véla við áramót í klst

Vél	2007	2008
Rósa	2.752	3.972
Pála	11.286	12.630
Linda	26.969	27.999
Herkúles (sorphakkavél)	967	1.670
Timburtætari	9.148	10.749
Forbrjótur	4.509	6.110

Tafla 4.2. Rekstrarefni og lager (tonn)

	2007	2008
Kalt vatn	28.102	36.706
Heitt vatn	23.324	26.844
Bindivir	240	230
Vatnsnotk. í vinnslu	2.841	3.518
Breyting á lagerstöðu	712	4.681
Sandur í síur	36	36

Tafla 4.3. Innvegið magn úrgangs (tonn)

	2007	2008
Á árinu var alls tekið á móti	117.792	107.240
Frá eftirtöldum aðilum:		
Frá sorphirðu sveitarfélagi (Hafnarfjörður undanskilinn)	38.697	37.240
Frá endurvinnslustöðvum	25.069	19.999
Frá söfnunarfyrirtækjum	27.059	25.897
Frá öðrum	26.967	24.104

4.4.) Þess ber að geta að endurvinnsluefni sem flutt eru út beint frá úrgangshöfum og söfnunarfyrirtækjum fara ekki í gegn um móttökustöð SORPU. Stöðin sér hins vegar um útflutning á endurvinnanlegum efnum svo sem pappírsefnum beint frá úrgangshöfum og

söfnunarfyrirtækjum, alls um 970 tonn árið 2008. SORPA hefur verið í viðskiptum við IL Recycling í Svíþjóð um kaup á endurvinnanlegum efnum allt frá árinu 1991.

Í töflu 4.2 eru upplýsingar um notkun á ýmsum efnum í móttöku- og flokkunarstöð s.s. bindivir, vatnsnotkun við vinnslu, sand í síum og lager efna en talsvert magn var á lager um áramót. Þessi efni eru einnig innifalin í hinum ýmsu flokkum í töflu 4.4.

Tafla 4.4. Til ráðstöfunar frá móttöku- og flokkunarstöð (tonn)

	2007	2008
Til endurvinnslu/endurnota erlendis	10.291	9.662
Til endurvinnslu/endurnota innanlands	25.526	26.820
Endurvinnsluefni alls	35.817	36.482
Urðun	86.373	79.223
Samtals	122.190	115.705

Rannsókn húsasorps

Niðurstöður úr árlegu rannsóknarverkefni SORPU um samsetningu húsasorps voru svipaðar og á síðustu árum. Rannsóknin felur í sér flokkun á innihaldi heimilissorps úr sorptunnum sveitarfélaganna sjö á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöðurnar í ár eru ekki jafn áreiðanlegar og fyrri ár þegar tekið er tillit til aðstæðna á árinu. Breytingar á grenndargámakerfi fyrirtækisins gengu í gildi um

áramótin og gerir aukin tækni í flokkunarmálum SORPU nú kleift að auka þjónustu sína enn frekar við íbúa höfuðborgarsvæðisins. Nýtt kerfi auðveldar fólki flokkun þar sem nú er blár grenndargámur samnýttur undir pappír og umbúðir úr sléttum pappa og er sá græni undir plastumbúðir. Þessi þróun á vafalaust eftir að setja mark sitt á niðurstöður rannsóknarverkefnisins á komandi árum.





Endurvinnslustöðvar SORPU bs eru sjö talsins og eru staðsettar víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Þar gefst almenningi og smærri fyrirtækjum svæðisins kostur á að koma með úrgang til endurvinnslu og/eða eyðingar. Íslenska gámafélagið ehf er verk-taki og sér um gámaleigu og flutning frá öllum endur-vinnslustöðvum. Átak hefur verið gert í að samræma útlit stöðvanna, t.d. eru gámar stöðvanna samlitir, merkingar og upplýsingar eru allsstaðar þær sömu sem gefur stílhreinna yfirbragð, greiðari aðkomu og samræmi milli allra endurvinnslustöðva. SORPA gerir kröfu þess efnis að ökutæki verktaka upp-fylli mengunarstaðla EU auk þess sem a.m.k. einn bíll sem þjónar endurvinnslustöðvunum sé knúinn metangasi. Þessi ákvæði eru nýjungar frá fyrri samningum og liður í áframhaldandi stefnumótun fyrirtækisins í þágu umhverfisins.

Miklar framkvæmdir áttu sér stað á endurvinnslu-stöðvunum á árinu. Lokið var við jarðvinnu á lóð SORPU við Breiðhelli 8-10 í Hafnarfirði, þar sem fyrirhugað er að reisa endurvinnslustöð sem þjóna mun íbúum suðurhluta höfuðborgarsvæðisins. Hönnun stöðvarinnar er lokið og gerð útboðsgagna, en vegna efnahagsástandsins síðastliðið haust var útboði frestað um óákveðinn tíma. Í áætlun ársins 2009 er gert ráð fyrir þessum framkvæmdum.

Ýmsar endurbætur áttu sér einnig stað á árinu. Keyrslurampar endurvinnslustöðvanna voru breikk-aðir og gengu framkvæmdir vel. Verklagi var þannig háttáð að sem minnstra truflana gætti á rekstri stöðvanna meðan á framkvæmdum stóð. Viðskipta- vinir og starfsmenn hafa lýst yfir mikilli ánægju með breytingarnar sem auðvelda umferð um stöðvarnar og draga úr hættu á árekstrum, núningi og nuddi. Girðing var endurnýjuð í Mosfellsbæ og athafnar- svæðið einnig stækkað. Stöðin er nú 1.804 fermetrar að flatamáli.



Undirstöður gámastæða fyrir þyngstu gámana, pressugáma, jarðvegs- og málmagáma og þ.h. voru styrkt með öflugum stálstýringum/undirstöðum til hlífðar malbikslagi.


Uppsetning á rafrænum búnaði til innheimtu gjaldskylds úrgangs á endurvinnslustöðvunum lauk í desember. Prófanir benda til þess að búnaðurinn tryggi skjótari afgreiðslu á stöðvunum til hagræðing- ar fyrir viðskiptavini.

Söfnun dagblaða og umbúða úr sléttum pappi

Íbúum gefst kostur á að skila pappír, s.s. dagblöðum og tímaritum og umbúðum úr sléttum pappi, til dæmis fernum og morgunkornskössum, til endur- vinnslu bæði á endurvinnslustöðvar SORPU og í grenndargáma höfuðborgarsvæðisins. Á endur- vinnslustöðvunum söfnuðust 2.190 tonn af dag- blöðum og tímaritum (2.701 tonn)¹ og 83,9 tonn (87,9 tonn) af umbúðum úr sléttum pappi.

Grenndarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu eru um 80 talsins og sér SORPA um rekstur þeirra fyrir sveitar- félögin á höfuðborgarsvæðinu. Samtals söfnuð- ust 165,1 tonn (175,5 t.) af umbúðum úr sléttum pappi í grenndargámana árið 2008 og er minnkun um 5,93% frá árinu áður. Það söfnuðust 3.011 tonn (3.821 t.) af dagblöðum og tímaritum sem er minnkun um 21,19% frá árinu 2007. Skýring samdráttarins er augljós. Útgáfustarfsemi dróst töluvert saman á árinu sem sýnir sig meðal annars í minni frípósti til íbúa. Einnig er nú boðið uppá sérstakar tunnur í nokkrum sveitarfélöganna sem auðvelda íbúum að flokka og safna endurvinnsluefnum við heimahús. Almennt ástand efnahagsmála hefur eflaust einnig haft áhrif.

1) Tölur í sviga eru frá 2007.



Tafla 5.1. Samanburður á söfnun dag- blaða og umbúða úr sléttum pappi, kg pr. íbúa sveitarfélaganna árið 2008.

Magntölur

Árið 2008 var tekið á móti samtals 39.700 tonnum úrgangs (44.776)¹ á endurvinnslustöðvum SORPU sem er 12,78% minnkun frá fyrra ári og er magnið farið að nálgast það sem það var árið 2005. Það endurspeglast í þessum tölum að góðærið er gengið til baka hvað magn úrgangs varðar.


Endurvinnsla og endurnýting sem meginmarkmið

Á endurvinnslustöðvum SORPU er lögð rík áhersla á að sem stærstur hluti þess úrgangs sem þangað berst fari til endurvinnslu eða endurnýtingar. Með markvissari upplýsingagjöf, merkingu gáma og meðvitaðri stefnu um einsleitt og snyrtilegt yfirbragð allra stöðvanna vill fyrirtækið hvetja íbúa til aukinnar þátttöku í flokkun og auðvelda skil á endurvinnslu-efnum heimilanna.


Nytjamunir, skór og klæði

SORPA er í samstarfi við hin ýmsu góðgerðarsamtök og líknarfélag og er sama fyrirkomulag á móttöku sértæks úrgangs á endurvinnslustöðvunum og hefur verið undanfarin ár. Endurvinnslustöðvar SORPU taka t.d. á móti skóm sem safnað er í samstarfi við Samtök íslenskra kristniþóðsfélaga. Kertavaxi er einnig safnað og það sent til endurvinnslu hjá kertagerðum hérlendis. Endurvinnslan hf og SORPA bs hafa með sér þjónustusamning um móttöku skilgjalddsskyldra umbúða á endurvinnslustöðvum SORPU sem Endurvinnslan sér svo um að koma erlendis til endurvinnslu. Síðast en ekki síst er safnað og tekið á móti ýmsum búnaði og nytjahlutum í þar til gerða gáma á endurvinnslustöðvunum sem fara til Góða hirðisins, nytjamarkaðar SORPU og líknarféлага. Hlutirnir eru seldir í Góða hirðinum á vægu

1) Tölur í sviga eru frá 2007.



Tafla 5.2. Dreifing efna á endurvinnslustöðvum árið 2008




Tafla 5.3. Heildarmagn í tonnum árin 2005-2008 skipt eftir endurvinnslustöðvum



verði og rennur ágóði sölunnar til góðgerðarmála og líknarféлага í lok hvers árs í formi styrkja.

Samskipti

Rekstrarstjóri sótti fund um endurvinnslu og úrgangsminnkun á vegum ISWA í Vínarborg í apríl. SORPA hefur tekið þátt í starfi þessa hóps um árabíl. Einnig sóttu umsjónarmenn ásamt rekstrarstjóra fundi FENÚR hér á landi á árinu.



Tafla 5.4. Breyting á magni úrgangs á milli árána 2007 og 2008 í prósentum



Álfsnes

Urðunarstaður SORPU er í Álfsnesi, um 20 kílómetra frá móttökustöðinni í Gufunesi. Í Álfsnes berast að meðaltali 300-350 tonn á dag úr móttökustöðinni af böggðuðum húsa- og iðnaðarúrgangi og um 140-170 tonn á dag af óbagganlegum úrgangi. Sorpbaggarnir eru fluttir af verktökum frá móttökustöðinni á sérstöðum vögnum. Allur úrgangur sem tekið var við í Álfsnesi árið 2008 var færður yfir vigt og magn úrgangs er sýnt í töflu 6.1.

Til baggaðs úrgangs telst m.a. sekkjaður sláturúrgangur og úrgangur sem berst á brettum og hægt er með góðu móti að sinna með venjulegum tækjum. Magn baggaðs úrgangs jókst um 14% en hafði minnkað um 2,8% árið áður. Magn óbaggðs úrgangs jókst mikið og munar mest um 37.000 tonn af olíumenguðum jarðvegi af Hólmsheiði sem var fluttur í Álfsnes, en annað magn minnkaði um tæp 6%.

Stefna fyrirtækisins er að minnka lífrænan úrgang sem fer til urðunar og auka hlutfall endurvinnslu. Ýmis endurvinnsla er í Álfsnesi, svo sem á garðaúrgangi, gleri, hrossataði, litaðri timburflís og stein-efnum. Gler og steinefni er notað við urðunina, við vegagerð eða við gerð urðunarreina og kemur þá í stað jarðefna sem annars væru flutt að. Á árinu

2008 var hafinn undirbúningur að endurnýtingu á steinsteypu og skyldum efnum. Skipting urðunar og endurvinnslu í Álfsnesi kemur fram í töflu 6.1.

Framkvæmdir og fjárfestingar

Lokið var við að fjarlægja yfirborðsefni á reinum 10 til 13 en sprengingar í klöpp og botnfrágangur þeirra er áætlaður árið 2009.

Á árinu 2008 var mótttekið um 2.388 tonn af hráefni til moltuvinnslu SORPU í Álfsnesi sem skilaði um 400 tonnum af hágæða moltu sem reynist vel og er vinsæl meðal fagmanna í gróðurækt. Hægt væri að framleiða meira af moltu ef nægt gras fengist, en trjákurll sem berst í Álfsnes er mun meira en það gras sem þarf á móti til moltuvinnslu. Ætla má að hátt verð á áburði ætti að virka hvetjandi á notkun á moltu í stað innflutts áburðar.

Í Álfsnes voru flutt um 10.600 tonn af timburflís til geymslu sem er meirihluti þess sem unnið var af flís í móttökustöð til notkunar í Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Nauðsynlegt er að eiga birgðir upp á að hlaupa en magn timburs sem berst til SORPU er sveiflukennt og háð ytri aðstæðum, en þó er vonast til að flís verði notuð í meira mæli en hingað til.

HJ bílar er verktaki sem sér bæði um sorpmóttöku og urðun í Álfsnesi en sorpmóttaka gekk vel á árinu. Veðurfar var þannig að loka þurfti fyrir móttöku í um 50 klukkustundir á venjulegum afgreiðslutíma.

Gasvinnsla

Í sorphaugum myndast hauggas sem er blanda af koltvísýringi (CO₂) og metani (CH₄). Hauggasið myndast við að náttúrulegar bakteríur brjóta niður lífrænt efni í haugnum og mynda hauggasblöndu. Metanið í hauggasinu er mjög orkuríkt, en einnig slæm gróðurhúsalofttegund. Gasinu í Álfsnesi er safnað með því að bora í hauginn og safnrörum komið fyrir.

Boraðar voru um 55 gasholur á árinu. Farin var ný leið með útfærslu á borholum en þær eru nokkru sverari en fyrri holur auk þess sem plaströr eru notuð og umhverfis þau perlumöl.

Lagt var nýtt safnæðakerfi fyrir nýju holurnar og virðist það gefa afar góða raun og því gengur gassöfnun vel sem þýðir að fleiri gætu nýtt sér metan sem orkugjafa í stað innflutts eldsneytis. Metangasframleiðsla í Álfsnesi var um 374.000 rúmmetrar árið 2008 sem var um 25% meira en árið 2007.

Lokið var við nýja gashreinsistöð sem eykur mjög afhendingaröryggi á metangasi ásamt því að afkasta-geta hennar býður upp á umtalsverða fjölgun bifreiða sem gætu keyrt á metani.

Eftirlit með urðunarstað

Hafa á eftirlit með vargfugli á urðunarstað og eyða fugli samkvæmt starfsleyfi. Meindýraeyðir sér um að halda fjölda fugla í skefjum og í töflu 6.2 má sjá fjölda skotinna fugla á tímabilinu maí - september.

Samkvæmt mælingunum er mengun sigvatns frá urðunarstaðnum í Álfsnesi óveruleg og vel innan viðmiðunargilda. Í viðaukum eru samantekt allra efnamælinga sem gerðar voru á árinu 2008.

Samstarf og samskipti

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs

Samstarf SORPU bs, Sorpstöðvar Suðurlands bs, Sorpeyðingarstöðvar Suðurlands sf og Sorpurðunar Vesturlands hf vegna sameiginlegrar svæðisáætlunar hélt áfram á árinu. Á vegum stjórnar SORPU hafa Ögmundur Einarsson fyrrverandi framkvæmdastjóri og Herdís Sigurjónsdóttir stjórnarformaður setið í verkefnisstjórninni auk þess sem Björn H. Halldórsson vann með verkefnisstjórninni. Endurskoðun áætlunarinnar var lokið um áramót 2008/2009 og hún væntanlega samþykkt fyrir hluta árs 2009. Allar upplýsingar um verkefnið eru á heimasíðu þess, www.samlausn.is.

Erlend samskipti

Yfirverkfræðingur sótti ráðstefnu í London í byrjun október um viðfangsefnið „Landfill Mining“ þar sem velt var upp ýmsum sjónarmiðum varðandi möguleika á námuvinnslu á fyrrum urðunarstöðum.



Tafla 6.1. Móttaka og ráðstöfun úrgangs í Álfsnesi árið 2008 (tonn)

Mótttekið	2008	%	2007	%
Baggar	116.320	58,3	123.997	70,8
Óbaggð	83.142	41,7	51.112	29,2
Samtals	199.469	100,0	175.089	100,0
Ráðstafað				
Endurunnið í Álfsnesi	75.974	38,1	44.495	28,7
Urðað í Álfsnesi	123.495	61,9	130.594	71,3
Samtals	199.469	100,0	175.089	100,0

Tafla 6.2. Vargfuglaeyðing í Álfsnesi 2008 (fjöldi fugla)

	2008	2007	2006	2005
Svarbakur	761	845	865	697
Sílamáður	7.744	4.318	1.673	2.542
Samtals eytt	8.505	5.163	2.538	3.239



Samfélagsleg ábyrgð felst í því að fyrirtæki marki sér stefnu þar sem viðskiptahættir þess taka tillit til félagslegra, umhverfislegra og siðferðislegra þátta samfélagsins. SORPA hefur í gegnum tíðina lagt ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð og stuðlar að sjálfbærum gildum sem víðast í samfélaginu. SORPA skilgreinir samfélagslega ábyrgð fyrirtækisins út frá fjórum meginþáttum; umhverfi og lífríki, vellíðan starfsmanna, viðskiptavinum og velferð samfélagsins í heild.

Styrkir og framlög

SORPA leggur metnað í að styðja íslenskt samfélag með fjölbreyttum hætti. Undanfarin ár hefur SORPA veitt fjölmörgum verkefnum sem tengjast mannúð, menningu, listum, menntun og íþrótt- og æskulýðsmálum fjárhagslegan stuðning. Árið 2008 veitti SORPA samfélagslega styrki samtals að upphæð 1,7 milljón króna. Eftirtalin eru helstu samstarfsverkefni fyrirtækisins á árinu;

SORPA og Landvernd hafa verið samstarfsaðilar að Vistvernd í verki allt frá árinu 2002 og nemur styrkurinn ár hvert 250.000 krónum. Vistvernd í verki er alþjóðlegt samfélagsverkefni sem leiðbeinir þátttakendum í leit þeirra að sjálfbærum lífsstíl og samfélagi. Náttúran er uppspretta lífsgæða okkar og maðurinn lifir í og af náttúrunni. Til að stuðla að því að sambyli okkar við náttúruna gangi vel þarf að sýna tillitssemi í umgengni við hana, fara vel með auðlindirnar og takmarka mengun. Verkefnið er hið eina sinnar tegundar í heiminum og rannsóknir og reynsla sýna að það skilar miklum og varanlegum árangri í bættu umhverfisvitund og hegðun.

Ár hvert leggur SORPA góðu málefni lið með fjárstyrk í stað þess að senda viðskiptavinum fyrirtækisins jólakort. Styrkurinn fyrir árið 2008 rann til Konukots. Konukot er næturathvarf fyrir heimilslausar konur og er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar Rauða



krossins og Reykjavíkurborgar. Í Konukoti er reynt að skapa þeim sem þar dvelja þægilegt og heimilislegt andrúmsloft, þar sem grundvallarmarkmið Rauða krossins eru höfð að leiðarljósi. Styrkurinn hljóðaði upp á 200.000 krónur og rann í styrktarsjóð sem hefur það markmið að aðstoða konur við að sækja þá þjónustu til ríkis og sveitarfélaga sem þær þurfa á að halda hverju sinni.

SORPA hefur undanfarin tvö ár verið helsti styrktaraðili Grænna daga í Háskóla Íslands. Markmið daganna er að vekja nemendur og starfsfólk skólans til vitundar um vistvæna neyslu og endurvinnslu. Grænir dagar eru samstarfsverkefni Gaiu - félags meistaranema í umhverfis- og auðlindafræðum, Norræna hússins og Stofnunar Sæmundar fróða.

SORPA leggur mikið upp úr fræðslu- og umhverfismálum og styrkir gjarnan nemendur í námsferðir bæði innanlands sem utan. Nemendur allt frá leikskólaaldri upp í háskólastig hafa notið styrkja sem hafa með góðum árangri aukið meðvitund þeirra á umhverfismálum.

Hlutir með reynslu og sögu

Árið 1993 hóf SORPA farsælt samstarf við líknarfélag Hjálparstarfs kirkjunnar, Mæðrastyrksnefndar, Hjálpræðishersins og Rauða kross Íslands um endurnýtingu nytjamuna sem annars færur í urðun. Upphaflega var fyrirkomulagið með þeim hætti að SORPA safnaði munum saman, á meðan Rauði kross Íslands sá um dreifingu til þeirra sem þess þurftu. Með tímanum breyttist rekstrarformið yfir í nytjamarkað Góða hirðisins.

Góði hirðirinn er nytjamarkaður SORPU og líknarfélaga. Markmið Góða hirðisins er að stuðla að endurnotkun, minnka sóun og láta gott af sér leiða. Á endurvinnslustöðvum SORPU eru sérstakir nytjagámar þar sem fólk getur losað sig við gamla hluti



sem enn hafa óskert notagildi. Þannig má forða hlutum með reynslu og sögu, frá endanlegri förgun og finna þeim nýtt hlutverk í nýjum umhverfi hjá nýjum eigendum. Þessir hlutir fara svo í sölu hjá Góða hirðinum og rennur allur ágóði af sölu til hjálparstarfs og góðgerðarmála. Árið 2008 fóru rúmlega 800 tonn af munum í endurnotkun með þessum hætti og nam ágóðinn 10 milljónum króna sem skiptist á eftirfarandi aðila; Hjálparstarf kirkjunnar, Rauða krossinn, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, Mæðrastyrksnefnd Kópavogs, Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar til matargjafa, Hjálpræðisherinn, Hringsjá og Bandalag kvenna vegna starfsmenntasjóðs.

Góði hirðirinn stóð fyrir uppboði á árinu til styrktar BERGMÁL líknar- og vinfélags og sófnuðust alls um 200.000 krónur. Frá árinu 1995, hefur BERGMÁL boðið krabbameinssjúkum og langveiku fólki til

dvalar, þeim að kostnaðarlausu, í orlofshúsi félagsins á Sólheimum í Grímsnesi. Starfsemi félagsins er rekin í sjálfböðavinnu.

Með umhverfið að láni

Endurvinnslu- og umhverfismál koma okkur öllum við. Af þeim sökum eru stöðug almannatengsl um málefni SORPU einhver mikilvægasti liður starfsmennnar. Þau fara helst fram í formi kynninga, fræðslu og upplýsingagjafar ásamt ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana. Á undanförunum árum hefur fræðslustarf SORPU vaxið og dafnað, enda mikil eftirspurn eftir þeim þætti. Markmið fræðslunnar er að auka meðvitund fólks um flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs með það að leiðarljósi að gera fólk að ábyrgum og vistvænum neytendum. Í



fræðslunni er farið yfir atriði sem aðstoða fólk við að minnka heimilisúrgang með réttir flokkun og upplýsa þau um hvernig nýta má ákveðnar tegundir úrgangs til endurvinnslu eða endurnotkunar. Með þessu vill SORPA stuðla að því að almenningur opni vitund sína gagnvart eigin neysluvenjum og virki hana á jákvæðan hátt.

SORPA er í samstarfi við Ríkissjónvarpið um framleiðslu á innslögum um Tré-álfa sem kalla sig Trjálfa. Trjálfarnir Reynir Víðir Lyngdal og Börkur Birkir eru umhverfisvænir tré-álfar sem birtast okkur á skjánum í Stundinni okkar. Trjálfarnir eru duglegir við að fræða börnin um umhverfismál, flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu og stuðla þannig að meðvitaðri æsku í samfélaginu. SORPA mun styðjast enn frekar við þessa skemmtilegu karaktera í fræðslumálum fyrirtækisins á næstu árum.

Almanak SORPU var gefið út í áttunda skipti en að þessu sinni var það unnið í samstarfi við Safnasafnið á Svalbarðsströnd. Flest verkin sem prýða síður þess eru fengin að láni hjá safninu en það á um 4000 verk. Verkin sem urðu fyrir valinu eiga það sameiginlegt að vera unnin úr verðlausum efnum og gefa góða hugmynd um hvað hægt er að gera ef sköpunarkrafturinn fær að njóta sín. Almanakinu er ætlað að vekja fólk til umhugsunar og sýna fram á að í ruslinu geta falist verðmæti. Efniviður í allskyns nýja hluti leynist víða og ruslið getur orðið að einstökum listaverkum eða nýjum vörum og umbúðum við endurvinnslu.

Vistvæn ökutæki

Sú vitundarvakning sem hefur átt sér stað í úrgangsmálum hefur einnig náð til orkumála en aukinn áhugi er meðal almennings um umhverfisvænt eldsneyti. Metan er eldsneyti sem unnið er úr haug-gasi og með því að nota metan í stað bensíns eða gasolíu er unnt að draga verulega úr mengun. Metan

er orkurík aukaafurð frá meðhöndlun úrgangs sem upplagt er að nýta í stað jarðefnaeldsneytis. Þar sem metan í hauggasi er kraftmikil gróðurhúsalofttegund, eða allt að 21 sinnum öflugara en koltvísýringur ef það fær að gufa óhindrað upp úr haugnum, er æskilegt að draga úr áhrifum hauggassins um leið og framleitt er umhverfisvænt eldsneyti.

Á árinu 2008 voru ökutæki SORPU að mestum hluta metanbifreiðar. Metanbifreiðarnar eru s.k. tvíorkubílar sem ganga fyrir metani og bensíni eða metani og gasolíu. Vægi jarðefniseldsneytisnotkunar SORPU hefur dregist verulega saman vegna aukinnar notkunar metans. Reynsla fyrirtækisins af metanbifreiðum er mjög góð og hafa þær reynst vel. SORPA gerir einnig kröfu þess efnis að ökutæki og vinnuvélar verktaka á þeirra vegum séu vistvæn eða knúin á metani.





Velgengi SORPU er að stærstum hluta að þakka hópi af hæfu, áhugasömu og metnaðarfullu starfsfólki. Starfsfólk SORPU sinnir mikilvægu hlutverki við umhverfisvernd á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur umfangsmikla þekkingu á rétttri meðhöndlun úrgangs og á endurvinnslumöguleikum hans. Starfsfólk aðstoðar bæði fyrirtæki og almenning við að koma sínum úrgangi í viðeigandi farvegi. Segja má að starfsfólk SORPU upplifi umhverfisvernd í verki á hverjum degi og taki virkan þátt í þróun nýrra og endurbættra endurvinnsluleiða. Starfsfólk SORPU eru auk þess virkir þátttakendur í endurnýtingu úrgangs með sölu nytjahluta í Góða hirðinum.

Jákvæður starfsandi

SORPA leggur áherslu á að skapa jákvætt starfs-umhverfi þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu starfsfólki. Ábyrgð og ákvörðunarrétti er dreift meðal starfsfólks svo sjálfstæði og frumkvæði þeirra geti notið sín til hins ýtrasta. Stjórnendur sýna starfsfólki traust og veita þeim stuðning í starfi þar sem virðing fyrir hverjum og einum starfsmanni er höfð í fyrirrúmi.

SORPA veitir starfsfólki sínu möguleika á þróun í starfi þar sem því gefst tækifæri á samfelldum starfsferli innan fyrirtækisins. Það er gert með því að hvetja starfsfólk til að auka frumkvæði sitt og hæfni til að takast á við ný verkefni. SORPA hvetur starfsfólk sitt til sí- og endurmenntunar jafnt sem flutning í starfi. Á hvert býður SORPA starfsfólki sínu upp á mismunandi námskeið og ólíka fræðsluviðburði innan sem utan fyrirtækisins.

Fyrirtækið leggur metnað sinn í að taka vel á móti nýju starfsfólki, veita þeim grunnþekkingu og fræðslu um uppbyggingu og helstu deildir fyrirtækisins ásamt kynningu á starfsemi og innra starfi þess. Notast er við starfsþjálfun sem tekur 3-6 mánuði, eftir því sem við á hverju sinni. Starfsþjálfunin hjálpar nýju starfs-


fólki að aðlagast starfsháttum fyrirtækisins og tryggir jafnframt öruggara starfsfólk í starfi.

SORPU er umhugað um heilsu og vellíðan starfsmanna sinna og leggur áherslu á að jafnvægi ríki á milli vinnu og einkalífs. SORPA hefur boðið starfsfólki sínu upp á árlega heilsufarsskoðun undanfarin ár ásamt bólusetningu gegn influensu og endurnýjun annarra mótefna í heilsufarsskríteini þeirra. Fyrirtækið hvetur starfsfólk til heilsuræktar og heilbrigðs lífennis og styrkir SORPA starfsfólkið með árlegum heilsuræktarstyrk.

Starfsmannafjöldi og samsetning

Fastráðnir starfsmenn SORPU voru 100 í lok árs 2008, þar af voru 73 karlar og 27 konur. Starfsmenn skiptust niður á 6 deildir sem hér segir; fjármála-deild 11 starfsmenn, markaðs- og fræðsludeild 5 starfsmenn, þróunar- og tæknideild 12 starfsmenn, móttökustöð 19 starfsmenn, endurvinnslustöðvar 42 starfsmenn og Góði hirðirinn 11 starfsmenn. Meðalaldur starfsfólks var 42 ár. Á árinu hófu 73 nýir starfsmenn störf hjá fyrirtækinu en 63 hættu störfum.

Tafla 8.1.
Fjöldi og kynja-
skipting starfsmanna
eftir deildum



Gæðastjórnunarkerfi

SORPA er traust og leiðandi fyrirtæki á sviði úrgangsstjórnunar sem leggur höfuð áherslu á að veita góða þjónustu og bjóða vandaða vöru í sátt við umhverfið. Fyrirtækinu er mikilvægt að vera leiðandi í öflun og miðlun þekkingar, nýsköpunar og innleiðingu að aðgengilegum aðferðum við meðhöndlun og endurnýtingu úrgangs. Mikil vinna hefur verið lögð í umbreytingu og uppsetningu á nýju og bættu gæðastjórnunarkerfi. Breytt gæðastýring var unnin í samvinnu við 7.is, ráðgjafafyrirtæki. Gæðastjórnunarkerfi SORPU er ætlað að vera lífandi stjórnunarkerfi sem samhæfist starfsemi fyrirtækisins og kemur þannig til móts við auknar kröfur og væntingar starfsmanna, viðskiptavina og íslensks samfélags á næstu árum. Nýtt gæðakerfi hefur verið unnið í áföngum, þar sem stjórnendur og starfsmenn hafa komið að vinnu þess samhliða ráðgjafa.

Liður í breytingu gæðakerfis felur í sér rafræna rekstrarhandbók sem nú er aðgengileg starfsmönnum á netinu. Rafræn rekstrarhandbók gerir starfsmönnum kleift að komast í öll skjöl og eyðublöð sem gefin hafa verið út á vegum fyrirtækisins og einfaldar um leið allt aðgengi starfsfólks að nauðsynlegum upplýsingum hverju sinni. Gæðastjórnunarkerfi SORPU á bæði að tryggja gæði og eins stuðla að úrbótum innan fyrirtækisins. Á árinu 2009 verður unnið að frágangi kerfisins, undirbúningi til vottunar og úrvinnslu en SORPA stefnir að formlegri ÍST ISO 9001:2000 vottun fyrir nýtt og bætt gæðastjórnunarkerfi í kringum áramótin 2009/2010.





Til stjórnar Sorpu bs.

Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Sorpu bs. fyrir árið 2008 en hún hefur að geyma yfirlýsingu stjórnar, yfirlit um orku og hráefnanotkun ásamt öðrum upplýsingum um hvernig umhverfismálum starfseminnar er háttað. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2008 og aðrar upplýsingar sem í henni koma fram séu rétt fram settar.

Reykjavík, 20. apríl 2009

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Guðrún Torfhildur Gísladóttir

Guðrún Torfhildur Gísladóttir
löggitur endurskoðandi

Stjórn SORPU bs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með skýrslu um grænt bókhald byggðasam-
lagsins fyrir árið 2008 með undirskrift sinni.

Í stjórn SORPU bs

Harður Þryggvason
Ullsteinn Þ. Ullsteinnsson
Stuðul
Sveinn Þ. Ulfsson
Þórunn Þ. Þórunn
Ólafur Stefánsson
Guðrún Gísladóttir

Framkvæmdastjóri SORPU bs

Ólafur Stefánsson



Umhverfisstefna

SORPA vinnur í sátt við umhverfið og með sjónarmið umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Því leggur SORPA áherslu á:

- Að tryggja stöðugar úrbætur í umhverfisstjórnun og mengunarvörnum.
- Að setja sér mælanleg markmið í umhverfismálum.
- Að velja við innkaup á vöru og þjónustu umhverfisvænar, umhverfismerktar og/eða endurnnar vörur þar sem því verður við komið. Í útboðum og/eða verðkönnunum skal upplýst fyrirfram um kostnaðarvægi þessara þátta.
- Að leitast við að nota innlenda og endurnýjanlega orkugjafa, bæði á eigin tæki og tæki þjónustuaðila.
- Að lágmarka notkun spilliefna og hámarka endurvinnslu og endurnotkun innan fyrirtækisins.
- Að lágmarka hráefnanotkun og úrgangsmyndun innan fyrirtækisins.
- Að hafa fyrirhyggju og frumkvæði að leiðarljósi við að upplýsa almenning, fyrirtæki og stofnanir um endurvinnslu og endurnýtingu.
- Að búa yfir vel þjálfuðu starfsfólki og stjórnendum á sviði umhverfismála til að auka árangur og öryggi í allri vinnu að umhverfismálum.

Umhverfisstefna SORPU og markmið

SORPA vinnur eftir umhverfisstefnu og setur sér árleg markmið til að stuðla að stöðugum umbótum í umhverfismálum. Markmið í umhverfismálum fyrir árið 2008 voru eftirfarandi:

Innan ársins 2008 verði haldið áfram að fækka negldum dekkjum á bílum í eigu fyrirtækisins.

Á árinu 2008 var unnið með áframhaldandi markmið um fækkun bíla í eigu SORPU sem keyra á nagladekkjum. Á árinu 2007 voru um 60% af bílaflota SORPU keyrð án nagladekkja yfir vetrartímann. Í lok ársins 2008 voru 81,5% bíla SORPU á ónegldum dekkjum eða 22 bílar af 27.

Samkvæmt frétt frá umhverfis- og samgöngu-sviði Reykjavíkurborgar í lok ársins 2008, kom fram „að ef engin bifreið á götum borgarinnar væri búin nagladekkjum gæti Reykjavíkurborg sennilega sparað um það bil 300 milljónir króna árlega. Gert er ráð fyrir að árlega þurfi um það bil 10.000 tonn meira af malbiki en ella vegna mikillar nagladekkjanotkunar.

Nagladekk spæna upp malbikið á götum borgarinnar hundrað sinnum hraðar en naglalaus dekk og eru þau ein helsta uppspretta svífryks í Reykjavík. 44% bifreiða voru á nögglum í apríl 2008. Svífryksmengunar í Reykjavík gætir mest að vetri til þegar veður er þurr og kalt, litill raki er í andrúmslofti og umferð mikil. Svífryk hefur farið 22 sinnum yfir heilsuverndarmörk á þessu ári en mátti einungis fara 18 sinnum yfir á árinu samkvæmt reglugerð nr. 251/2002. Svífryk fór síðast yfir heilsuverndarmörk 1. nóvember og þar áður 20. og 27. október.

Svífryk (PM10) eru örfinar agnir sem eru skaðlegar ef þær komast í lungu fólks. Svífryk á götum borgarinnar stafar af sliti á malbiki og uppþyrlunar á aðfluttu ryki eins og jarðvegsryki. Notkun góðra vetrardekkja í stað nagladekkja myndi bæði draga úr svífryksmengun og kostnaði vegna viðhalds gatna. Heilsuverndarmörk svífryks eru 50 míkrógrömm á rúm-metra á sólarhring“ (Gunnar Hersveinn, 2008).

Með markmiði fyrirtækisins um að vera með sem fæsta bíla á negldum dekkjum vill SORPA leggja

sitt af mörkum til þess að draga úr svífryksmengun í umhverfi borgarinnar. Með því að fækka negldum dekkja á bílum SORPU, stuðlar fyrirtækið að bættu umhverfi í borginni og minni svífryksmengun.

Innan ársins 2008 verði gróðursett 5 þúsund tré á svæði urðunarstaðarins í Álfsnesi sem liður í að draga úr styrk koldíoxíðs í andrúmsloftinu.

Sú spurning hefur vaknað hvort fyrirtækið geti kolefnisjafnað eigin starfsemi? SORPA vinnur, eftir fongum og með aðgerðum að þróun slíkra verkefna innan fyrirtækisins. Eitt af meginmarkmiðum fyrirtækisins er að allur bílafloti fyrirtækisins sé knúinn metani sem þannig stuðlar að minni útblæstri gróðurhúsalofttegunda, sjá töflu 9.7. Eitt af meginmarkmiðum sameiginlegrar svæðisáætlunar er að draga úr myndun gróðurhúsalofttegunda og munu framtíðarlausnir vera byggðar á því markmiði. Trjárækt í smáum stíl á urðunarstað er verkefni af þessu tagi en á árinu 2008 voru gróðursettar 1.000 trjáplöntur í Álfsnesi til viðbótar þeim 5.000 sem gróðursettar höfðu verið 2007. Samkvæmt lýsingu á verkefninu Íslensk skógarúttekt „stuðlar skógrækt á Íslandi að kolefnisbindingu og mun verða stjórnvöldum mikilvæg mótþvægisáðgerð til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna skuldbindinga Kyoto-samningsins“ (Bjarni Diðrik Sigurðsson, Arnór Snorrason, Bjarki Þór Kjartansson og Brynhildur Bjarnadóttir 2005).

Innan ársins 2008 hafi 80% starfsmanna sótt námskeið í vistakstri sem er liður í að draga úr eldsneytisnotkun fyrirtækisins.

Í lok október ákvað yfirstjórn SORPU að allir þeir starfsmenn er aka á fyrirtækisbílum skyldu sækja vistaksturnámskeið, en ekki er hægt að skylda aðra starfsmenn á námskeið í vistakstri. Öllum starfsmönnum fyrirtækisins stóð hins vegar til boða að taka þátt í námskeiðinu sér að kostnaðarlausu og



